

Berist sveitarstjórn Strandabyggðar

Ég tilkynni hér með, með vísun til sveitarstjórnarlaga, um fyrirhugaða undirskriftasöfnun í sveitarfélaginu þar sem óskað verður eftir almennri atkvæðagreiðslu um tiltekið mál er varðar sveitarfélagið. Ætlunin er safna undirskriftum til að kosið verði um þá kröfu til sveitarfélagsins að það standi fyrir því að gerð verði óháð rannsókn á ásökunum lykilstarfsmanna sveitarfélagsins, sveitarstjóra annars vegar og íþrótta- og tómskundafulltrúa hins vegar, í garð íbúa og fyrrverandi sveitarstjórnarmanns, Jóns Jónssonar kt. 050468-4969 þjóðfræðings á Kirkjubóli við Steingrímsfjörð.

Sérstaklega verði skoðaðar ásakanir um meinta sjálfstöku Jóns á fjármunum úr sveitarsjóði í eigin þágu að upphæð kr. 61.423.961.- árin fyrir síðustu kosningar, en einnig aðrar ávirðingar sem bornar hafa verið fram. Tekið skal skýrt fram að hér er eingöngu um að ræða ásakanir sem settar hafa verið fram skriflega af umræddu starfsfólki Strandabyggðar og á núverandi kjörtímabili, þannig að málið beinlínis hlýtur að eiga heima á borði núverandi sveitarstjórnar. Krafan snýr einnig að því að niðurstaða þessarar óháðu rannsóknar verði síðan birt opinberlega.

Hagmunir sveitarfélagsins af því að málið sé upplýst er augljós, enda er eðlilegt að gerð verði krafa um endurgreiðslu ef um slíka sjálfstöku úr sveitarsjóði er að ræða. Sama gildir um hagsmuni þess sem fyrir þessum ásökunum hefur orðið, það hlýtur að vera öllum ljóst að öll þátttaka hans í samfélaginu veltur á því að upplýst verði hvort ásakanir byggji á raunveruleikanum eða séu rógburður og ósannindi. Slíkt skiptir í senn verulegu máli fyrir stöðu viðkomandi á vinnumarkaði, í félagsstörfum, daglegu lífi og við ákvarðanatöku fjölskyldunnar um áframhaldandi búsetu á svæðinu.

Ábyrgðarmaður:

Jón Jónsson, kt. 050468-4969, Kirkjubóli, 511 Hólmavík

Tvær aðrar undirskriftir einstaklinga með lögheimili í sveitarfélaginu (eins og vera ber):

Ester Sigfúsdóttir, 230369-4299, Kirkjubóli, 511 Hólmavík

Dagrún Ósk Jónsdóttir, kt. 131293-2329, Kirkjubóli, 511 Hólmavík

Með kveðju, Jón